

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2012



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson, Þórhildur Þorsteinsdóttir

Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun/Sigurgeir Bóasson

Forsíða: Hólar í Hjaltadal/ Gunnar Óskarsson

Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 16. janúar 2013:

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V-Hún., tilnefnd af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrutatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Ólöf Hallgrímsdóttir, Hraunbergi, Mývatnssveit, tilnefnd af iðnaðarráðherra.



Stjórn og skrifstofustjóri Framleiðnisjóðs: F.v Guðný Helga, Sveinn, Gunnar, Þórhildur, Kjartan og Ólöf. Ljósmynd Tjörvi Bjarnason.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Þorsteinn Tómasson, Reykjavík.
Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Svana Halldórsdóttir, Melum, Svarfaðardal.
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Ísafirði.

Þórhildur Þorsteinsdóttir annast daglegan rekstur sjóðsins og er í 100% starfshlutfalli. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2012

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt átta formlega fundi á árinu 2012. Þar af voru þrjár símafundir og hefur sá háttur reynst vel og sparað fé og fyrirhöfn á milli hefðbundinna fundahalda.

Stjórnarformaður fór ásamt skrifstofustjóra eða stjórnarmanni í sérstakar ferðir m.a um Suðurland, Borgarfjörð og Snæfellsnes til þess að ræða við aðila sem höfðu sótt um framlög til atvinnuuppbyggingar. Í þessum ferðum gafst tækifæri til að skoða framkvæmdir og meta aðstæður. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og skrifstofustjóri fundi og aðra viðburði eftir efnunum og ástæðum.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublað. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2012 eru sömuleiðis aðgengilegar á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnana.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2012

Í upphafi árs fjallaði stjórn Framleiðnisjóðs að venju um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglur og fjárhagsáætlun ársins 2012 voru með svipuðu sniði og árið 2011. Starfsreglurnar voru þessar:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með fjárframlögum við vel undirbúin verkefni til nýsköpunar atvinnu á bújörðum, samstarfsverkefni bænda og aðra eflingu atvinnu til sveita, ásamt að styðja áfram við Vaxtasprotaverkefni Impru og Starfsmenntasjóð BÍ.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2012

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 53,1 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 45,0 mkr. Fjármunatekjur námu 8,1 mkr.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 28,4 mkr., en það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2011 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni að loforð um framlög fyrnast að tveimur árum liðnum sé vinna við verkefnið ekki hafinn fyrir þau tímamörk en frá árinu 2011 fyrnist styrkloforð á einu ári frá úthlutun.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóð námu 109,3 mkr. Á árinu 2012 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 14,7 mkr. samanborið við 13,9 mkr. árið 2011. Sjóðurinn er gerður upp með 42,4 mkr. tekjuhalla.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2012 námu 183 mkr.; allt innistæður í lánastofnunum en á mótí koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 134,9 mkr. Útlán sjóðsins eru að fullu uppgerð. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 48,1 mkr. í árslok 2012.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. Umsóknir og erindi 2012

Á árinu 2012 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 74 aðsend erindi. Af þeim voru 48 erindi sem voru í vinnslu hjá sjóðnum í upphafi starfsárs. Af þeim voru 50 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 24 töldust til almennra viðfangsefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 52 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning. Af þeim voru 43 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 9 almenn verkefni. Synjað var 7 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 15 erindum synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins. Auk þess fólu nokkur erindanna ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2012. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 4.og 5. töflu hér aftar. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni: Framleiðnisjóður veitti 4 styrki í þessum flokk á árinu 2012:

- vegna þróunar bóluþefnis gegn sumarexemi hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum.
- vegna stofnræktunar kartöfluútsæðis hjá Sambandi garðyrkjubænda.
- vegna Orkuseturs landbúnaðarins
- vegna NorFor; fóðurmatskerfis.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2012 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum sem fyrr við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,6 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,3 mkr., eru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 83,7 mkr. sem er talsvert hærri fjárhæð en árið á undan eða 26,4% (sjá 5. töflu). Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 4. töflu; verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2012

Landshluti	Ferðabúskapur	Tamn. og hestaþjón.	Iðnaður	Heimavinnsla	Ýmislegt	Alls
Vesturland	5	3	2	-	2	12
Vestfirðir	1	-	2	-	-	3
Norðurland vestra	3	-	2	1	1	7
Norðurland eystra	6	-	1	-	-	7
Austurland	3	-	-	-	-	3
Suðurland	6	2	2	-	-	10
Reykjanes	1	-	-	-	-	1
SAMTALS	25	5	9	1	3	43

Fjöldi verkefna í þessum flokki hefur reynst breytilegur á milli ára en vænta hefði mátt meiri samdráttar eftir hrun heldur en raun hefur orðið á. Athygli vekur hins vegar að engin landshluti skilar auðu eins og árin tvö á undan. Sem fyrr var ferðabúskapur af ýmsu tagi stór hluti studdra umsókna. Þar var um að ræða gisti- og veitingaaðstöðu en líka verkefni á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Verkefni sem varða sérhæfða aðstöðu til hrossatamninga og tengdrar þjónustu voru færri en jafnan á undanförunum árum. Margir þeirra sem hafa tamningar að atvinnu bjóða einnig upp á hestaferðir að sumri til. Af 9 verkefnum sem flokkuð eru á sviði iðnaðar telja 4 til nýbreytni í orkuöflun; 3 vatnsaflsvirkjanir og 1 hálm-brennari.



Hálm-brennari að Móeiðarhvoli.
Ljósmynd Belinda Margrét
Birkisdóttir.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn leggur sjóðnum til fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um Starfsmenntasjóð BÍ er í 8. kafla ársskýrslunnar. Ber hún með sér að spurn eftir stuðningi vegna endurmenntunar var áþekk því sem var á næstliðnu ári.

Ekki var um að ræða neina sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum og endurmenntunar árið 2012.

d) Kynningarmál

Framleiðnisjóður hefur ekki staðið fyrir viðamiklu kynningarstarfi á starfsemi sinni. Þó hefur hann minnt á tilveru sína með reglubundnum hætti í Bændablaðinu auk einstakra auglýsinga. Einnig hefur stjórn sjóðsins gert rækilega grein fyrir störfum sínum og úthlutunum með reglulegri útgáfu ársskýrslu í meira en 20 ár eða frá árinu 1987. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans. Einnig heldur sjóðurinn úti vefsíðu á slóðinni www.fl.is þar sem er að finna helstu upplýsingar um sjóðinn, fréttir, ársskýrslur, umsóknareyðublöð o.fl.

8. Af sérstökum verkefnum FL

a) Vaxtarsprotar - Samstarfsverkefni Framleiðnisjóðs og Impru

Framleiðnisjóður og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu áfram samstarfi sínum um verkefnið *Vaxtarsprotar* á árinu 2012. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið fór af stað í upphafi ársins 2007 á Suðurlandi og í Húnaþingi og á Ströndum, en kom til framkvæmdar í Þingeyjarsýslum, Dalabyggð og Reykhólahreppi á árinu 2008. Á árinu 2009 voru haldin námskeið á Austurlandi og í Skagafirði en í Eyjafirði og á Vesturlandi á árinu 2010. Árið 2011 kom námskeiðið til framkvæmda á Suðurlandi fyrri hluta ársins og ráðgert var að hafa námskeið seinni hluta ársins í Austur Skaftafellssýslu en úr því varð því miður ekki þar sem ekki varð næganleg þátttaka. Reynt var aftur að blása til Vaxtarsprotanámskeiðs á Suðausturlandi vegna vorannar 2012 en ekki náðist næg þátttaka. Á haustönn 2012 var ákveðið að halda Vaxtarsprotanámskeið í Þingeyjarsýslu. Námskeiðið var skipulagt og kynnt í nánú samstarfi við ráðunaut Búgarðs á svæðinu og einnig haft samráð við starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um verkefnið. Verkefnið var vel kynnt á svæðinu en því miður náðist ekki nægur fjöldi til að unnt væri að fara af stað með námskeið, einungis fimm skráningar bærust og ein síðan dregin til baka.

Erla Sigurðardóttir, starfsmaður Impru á Húsavík, er verkefnisstjóri Vaxtarsprotar.

Verkefnið var opið öllum íbúum í sveit og vann hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmyndar. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjamöguleikar hafa verið kynntir.

Eru þátttakendur á námskeiðum undir merkjum Vaxtarsprota í heild orðnir 181 talsins og viðskiptahugmyndirnar 149.

b) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/. Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Ásdísar Kristinsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2012 bárust alls 217 umsóknir (268 árið 2011) er þannig skiptust eftir búgreinum:

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2012 skipt eftir aðalbúgrein umsækjenda.

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Sauðfjárrækt	111	Nautgriparækt	70
Ferðaþjónusta	2	Skógrækt	9
Hrossarækt	12	Loðdýrarækt	13

3. tafla

Rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ

Tekjur	2012	2006-2011
Framlag FL	4.000.000	24.500.000
Styrkveitingar	5.137.697	23.891.765
Rekstrarafgangur:	-1.137.697	608.235

Ójafnað eigið fé 31.12.11

-529.462

ÁK 13.2.2013

Árið 2012 veitti Starfsmenntasjóður 111 styrki að upphæð 5.137.697 kr. Nokkrar umsóknir voru í úrvinnslu um áramót og voru 27 umsóknum hafnað á árinu. Hámarksstyrkur nemur 33.000. og hefur verið óbreyttur frá 2009. Heildarráðstöfun sjóðsins frá upphafi nemur um 29 mkr. og alls hafa borist sjóðnum 1644 umsóknir. Eins og áður, þó einsleitara sé en á fyrra ári, endurspeglar viðfangsefni umsækjenda fjölbreytileika landbúnaðarins, markaðan námsframboði, þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt.

9. Í eftirleitum

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2012 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi einnig halda fram með rökum að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspeglar vilja umsækjenda til atvinnuefingar og nýsköpunar. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Þeim mun mikilvægara er að vandað sé til undirbúnings því eitt er að fá hugmynd; annað er að gera sér grein fyrir því hvort hún sé raunhæf og framkvæmanleg.

Það er því fagnaðarefni að í nýjum búnaðarlagasamningi sem mun taka gildi 1. janúar 2013 að Framleiðnisjóði landbúnaðarins er gefið framhaldslíf, fjármunir sem koma inn í sjóðinn munu aukast eftir því sem líður á samninginn og árið 2017 munu 140 Mkr. koma inn til sjóðsins. Í þessum nýja samningi er skerpt á áherslum sjóðsins á gildistíma hans sem miða að því m.a. að sjóðurinn verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar og nýsköpunarstarf landbúnaðarins með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, þróun og aðra þekkingaröflun í greininni ásamt stuðningi við sókn og nýsköpun innan hefðbundinna greina landbúnaðarins, auka verðmæti framleiðslunnar og fjölga atvinnutækifærum.

Í nær hálfra öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður landbúnaðarins. Megin hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins hefur farið til atvinnunýsköpunar auk rannsókna og þróunar. Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar og með stuðningi við slík viðfangsefni hefur Framleiðnisjóður rækt hlutverk sitt til aukinnar framleiðni og hagræðingar. Jafnframt hefur Framleiðnisjóður stutt með beinum hætti við margháttuð hagræðingar- og nýsköpunarverkefni. Mörg þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur veitt fjárhagslegt brautargengi hafa haft menningarlegt varðveislugildi en jafnframt verið atvinnuskapandi og þjónað markmiðum menningartengdrar ferðaþjónustu sem aftur kallast á við stuðning sjóðsins við uppbyggingu aðstöðu til að mæta þörfum ferðamanna fyrir húsaskjól og næringu. Ferðabúskapur er fjölpættur og tengist að hluta til hestamenskunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í hrossarækt og hestamenskun, studdar stórbættri aðstöðu og aðbúnaði fyrir menn og skepnur. Spor Framleiðnisjóðs á þeim vettvangi má merkja víða og með afgerandi hætti. Af mörgu fleira er að taka sem vert væri að nefna og eitt er víst að öðruvísi væri um að litast í sveitum okkar lands ef Framleiðnisjóðs hefði ekki notið við.

Aukið ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs eru því ánægjulegar fréttir því landbúnaðurinn þarf að eiga öflugan nýsköpunar- og þróunarsjóð. Meginmálið er þó að fjármagnið nýtist vel- að það geti hvatt til nýsköpunar og eflingar atvinnu í sveitum og stutt mikilvæg rannsókna- og þróunarverkefni atvinnugreinarinnar.

Stjórn og skrifstofustjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2012.

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra framleiðni og hagræðingarverkefna á árinu 2012. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Önnur þróunarverkefni:			
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Sumarexem í íslenskum hestum	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	NorFor (eftirstöðvar máls frá 2008)	1.225.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Orkusetur	5.000.000
			8.225.000
Fyrirtæki í dreifbýli:			
ATEFLI-félagasamtök	B3	Leikgarður fyrir börn í Reykholti	2.000.000
Active-North ehf	B3	Hestaferðir í Ásbyrgi	2.600.000
			4.600.000
Endurmenntun:			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	C	Vaxtasprotar; samkomulag Impru og Framleiðnisjóðs	510.094
Bændasamtök Íslands	C	Starfsmenntasjóður	8.000.000
			8.510.094
Stofnrækt kartaflna:			
Samband garðyrkjubænda	G	Stofnræktun kartöfluútsæðis	4.281.232
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum	B1	sjá 5. Töflu	83.700.000
			83.700.000
		Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2012	109.316.326

5. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnuefningar og þróunar á bújörðum 2012, sjá 7. kafla b hér að framan og sbr. 1. töflu. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis og ekki kemur allt til framkvæmda sem ætlað er. Upphæðir eru í krónum.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Birgir Þórarinnsson	Minna-Knarrarnes	Gullb	Ferðapjónusta	2.600.000
Ólafur Flosason	Breiðabólstaður	Borg	Ferðapjónusta	1.000.000
Brugghús Steðja ehf	Steðji	Borg	Brugghús	2.600.000
Sigríður Ævarsdóttir	Staður	Mýr	Handverksaðstaða	1.000.000
Gunnar Halldórsson	Arnbjörg	Mýr	Tamningaaðstaða	2.600.000
SportheSTAR ehf	Staffholtsveggir II	Mýr	Tamningaaðstaða	1.700.000
Rúnar Atli Gunnarsson	Böðvarsholt	Snæf	Ferðapjónusta	2.600.000
Áslaug Sigvaldadóttir	Syðra Lágafell	Snæf	Ferðapjónusta, Hagleikssmiðja	2.000.000
Jóhannes Eyberg Ragnarsson	Hraunháls	Snæf	Ferðapjónusta	2.000.000
Helga María Magnúsdóttir	Foss, Staðarsveit,	Snæf	Ferðapjónusta	1.300.000
Dalsmynni sf	Dalsmynni	Snæf	Ferðapjónusta	1.000.000
Guðmundur Kristján Gíslason	Ytri-Fagridalur	Dal	Vatnsaflsvirkjun	1.200.000
Reynir Guðbrandsson	Jörfi II	Dal	Handverksaðstaða	2.600.000
Keran St. Ólason	Breiðuvík	Barð	Vatnsaflsvirkjun	1.700.000
Ástþór Skúlason	Melanes	Barð	Ferðapjónusta	2.600.000
Björgvin Sveinsson	Innri Hjarðardalur	Ísfj	Iðnaðstaða/hlunnindanýting	2.600.000
Ægir Jóhannesson	Jörfi	V-Hún	Heimavinnsla afurða	2.600.000
Brekkulækur ehf	Brekkulækur	V-Hún	Ferðapjónusta	2.600.000
Brynjólfr Jónsson	Fagranes	Skag	Vatnsaflsvirkjun	2.600.000
Sigrún Helga Indriðadóttir	Stórhóll	Skag.	Handverksaðstaða	2.600.000
Trausti Sveinsson	Bjarnargil	Skag	Ferðapjónusta	2.300.000
Urðarköttur ehf.	Syðra-Skörðugil	Skag.	Iðnaðstaða/hlunnindanýting	400.000
Ferðapjónustan Brúnastöðum ehf	Brúnastaðir Fljótum	Skag.	Ferðapjónusta	2.600.000
Jóhannes Geir Sigurgeirsson	Öngulsstaðir III	Eyjaf	Ferðapjónusta, Gamli bærinn	1.900.000
Gitta Unn Ármannsdóttir	Syðri-Hagi	Eyjaf	Ferðapjónusta	2.600.000
Gísli Hallgrímsson	Brúnalaug	Eyjaf	Ferðapjónusta	1.500.000
Ljósaborg ehf	Grund I og IIA	Eyjaf	Kornþurrkun	2.600.000
Benedikt Sveinsson	Ártún	S-Þing	Ferðapjónusta	2.600.000
Einishús ehf	Einarsstaðir II	S.Þing.	Ferðapjónusta	2.600.000
Ytra Lón EhF	Ytra Lón	N-Þing	Ferðapjónusta	600.000
Gunnar Jónsson	Egilsstaðir í Fljótssdal	N-Múl.	Óbyggðasafn	2.600.000
Elínborg Baldursdóttir	Nýpugarðar	A-Skaft	Ferðapjónusta	2.600.000
Bjarni Hákonarson	Dilksnes	A-Skaft	Ferðapjónusta	1.600.000
Ólafur Þ. Gunnarsson	Giljur	V-Skaft	Ferðapjónusta	600.000
Ragnar Jónsson	Dalshöfði	V-Skaft	Ferðapjónusta	1.800.000
Guðný Söring Sigurðardóttir	Selalækur III	Rang	Iðnaðstaða	250.000
Birkir A. Tómasson	Móeiðarhvoll	Rang	Hálmbrunnari	2.600.000
Kálfholt hestaferðir ehf	Kálfholt II	Rang	Tamningaaðstaða	2.200.000
Almar Sigurðsson	Lambastaðir	Árn	Ferðapjónusta	2.600.000
Knútur R. Ármann	Friðheimar	Árn	Ferðapjónusta	1.800.000
Íslenski bærinn ehf	Austur-Meðalholt	Árn	Íslenski bærinn,menningart. ferðapj.	650.000
Gljásteyn ehf	Myrkholt	Árn	Ferðapjónusta	600.000
Hrosshagi-hestamiðstöð ehf	Hrosshagi III	Árn	Tamningaaðstaða	2.600.000
				83.700.000

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2012

Framleiðnisjóður Landbúnaðarins
Hvanneyri
311 Borgarnes
kt. 590986-1789

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	15
Áritun endurskoðenda	16
Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Sjóðstreymi	19
Skýringar	20-22

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.


Á árinu 2012 var tekjuhalli af rekstri Framleiðisjóðsins 42,4 m.kr. Eignir samtals eru 183,0 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 134,9 m.kr. og eigið fé 48,1 m.kr.

Samkvæmt búnaðarlagasamningi frá 20. október 2010 var tekin ákvörðun um mikinn niðurskurð á framlögum til Framleiðisjóðs Landbúnaðarins en jafnframt tekið fram að sjóðurinn haldi úti nokkurri starfsemi í tvö ár með því að ganga á eigið fé sjóðsins.

Stjórn og forstöðumaður Framleiðisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20.febrúar 2013


í stjórn



Ríkhart Brynjólfsson,
formaður



Guðný Helga Björnsdóttir



Sveinn Ingvarsson



Elín Aradóttir




Björn Halldórsson



Þórhildur Þorsteinsdóttir
forstöðumaður

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og forstöðumanns er ársreikningurinn samþykktur.



Steingrímur J. Sigfússon
Atvinnu- og nýsköpunarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun 20. febrúar 2013



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2012

Framlög	Skýr.	2012	2011
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....		45.000.000	15.300.000
Fengin framlög		<u>45.000.000</u>	<u>15.300.000</u>
Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	6	8.510.094	8.138.000
Rannsóknar- og þróunarverkefni.....	7	12.506.232	3.175.000
Fyrirtæki í dreifbýli.....	8	4.600.000	4.500.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	9	83.700.000	66.200.000
Fyrnd framlög.....	10	(28.457.581)	(21.316.154)
Veitt framlög		<u>80.858.745</u>	<u>60.696.846</u>
Fengin framlög umfram veitt		(35.858.745)	(45.396.846)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		8.097.663	15.961.500
		<u>8.097.663</u>	<u>15.961.500</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	11	11.065.568	10.972.181
Annar rekstrarkostnaður.....	12	3.625.771	2.943.320
Breyting á afskriftareikningi útlána.....		0	(6.000.000)
		<u>14.691.339</u>	<u>7.915.501</u>
Tekjuhalli ársins		<u>(42.452.421)</u>	<u>(37.350.847)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	2012	2011
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....	2	<u>183.000.277</u>	<u>230.302.686</u>
Eignir alls		<u><u>183.000.277</u></u>	<u><u>230.302.686</u></u>
 Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	4	110.589.438	111.233.952
Umsýslufé.....	5	23.742.857	28.108.975
Ýmsar skammtímaskuldir.....		571.667	411.023
	Skuldir	<u>134.903.962</u>	<u>139.753.950</u>
Eigið fé:			
Eigið fé.....	3	48.096.315	90.548.736
	Eigið fé	<u>48.096.315</u>	<u>90.548.736</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>183.000.277</u></u>	<u><u>230.302.686</u></u>

Sjóðstreymi árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur		(42.452.421)	(37.350.847)
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....			0
Veltufé frá rekstri		<u>(42.452.421)</u>	<u>(37.350.847)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....			53.916
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		(4.849.988)	(15.826.435)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(4.849.988)</u>	<u>(15.772.519)</u>
Handbært fé frá rekstri		(47.302.409)	(53.123.366)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán.....		<u>0</u>	<u>11.356.970</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>11.356.970</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		(47.302.409)	(41.766.396)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>230.302.686</u>	<u>272.069.082</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>183.000.277</u>	<u>230.302.686</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

Eigið fé

3. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	90.548.736
Tekjuafgangur ársins	(42.452.421)
Eigið fé í árslok	<u>48.096.315</u>

4. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2012 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2010 og fyrr.....	32.884.000
Framlög samþykkt á árinu 2011.....	18.500.000
Framlög samþykkt á árinu 2012.....	59.205.438
Samtals	<u>110.589.438</u>

5. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Í árslok er óráðstafað kr. 23.742.857.

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

6. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar lækka um 0,4 m. kr. frá fyrra ári eða um 4,7%.

	2012	2011
Bændanámskeið.....	8.000.000	5.500.000
Frumkvöðlafræðsla.....	510.094	2.638.000
	<u>8.510.094</u>	<u>8.138.000</u>

Skýringar

7. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna hækka um 9,3 m. kr. milli ára.

	2012	2011
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	2.000.000	2.000.000
Beitar- og fódurrannsóknir.....	1.225.000	0
Stofnrækt kartaflna.....	4.281.232	1.175.000
Orkusetur Hvanneyri.....	5.000.000	0
	<u>12.506.232</u>	<u>3.175.000</u>

8. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk samtals hækka um 0,1 m.kr. frá fyrra ári.

Vegna ýmissa bændaverkefna	0	2.500.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	4.600.000	2.000.000
	<u>4.600.000</u>	<u>4.500.000</u>

9. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefni á vegum bænda hækka um 17,5 m.kr milli ára eða um 26,4%. Hámarksframlag til einstakra verkefna er 2,6 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

Ferðapjónusta.....	47.250.000	22.100.000
Hestatengd þjónusta.....	9.100.000	10.800.000
Smávirðjanir og hitaveitur.....	5.500.000	4.300.000
Iðn- og handverksaðstaða.....	8.450.000	2.600.000
Hlunnindaverkefni.....	2.600.000	0
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða.....	2.600.000	13.000.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	8.200.000	13.400.000
	<u>83.700.000</u>	<u>66.200.000</u>

10. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2011 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti.

Skýringar

11. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður samtals er áþekkur og á fyrra ári.

	2012	2011
Stjórnarlausn.....	5.348.430	4.218.480
Laun.....	4.028.798	4.957.513
Launatengd gjöld.....	1.688.340	1.796.188
	<u>11.065.568</u>	<u>10.972.181</u>

12. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samtals hækkar um 0,7 m.kr. frá fyrra ári sem er 23,2% hækkun.

Ferða- og fundakostnaður.....	1.294.860	1.073.571
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	899.653	832.371
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	683.950	271.178
Húsnæðiskostnaður.....	747.308	766.200
	<u>3.625.771</u>	<u>2.943.320</u>